

um frv. til l. um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á mörgum fundum og fengið á því álit Lögmannafélags Íslands, auk þess sem hún hefur kynnt sér álit þau, er lágu fyrir Nd. Einnig hefur hún átt viðtöl við sakadómarann í Reykjavík og Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómara.

Eins og kemur fram í nefndaráliti allsherjarnefndar Nd., er frv. þetta allmjög breytt frá því, sem það var lagt fyrir Alþingi 1948 og 1949, í bæði skiptin fyrir Nd., en það frv. hafði verið samið af hæstaréttardómurinum dr. Einari Arnórssyni, Gizuri Bergsteinssyni og Jónatan Hallvarðssyni. Þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv. með því að fella niður úr því embætti saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra og aukningu á tölu sakadómara í Reykjavík, telur nefndin sízt til bóta. Hins vegar telur meiri hluti nefndarinnar, að svo mikill ávinningur sé að því, að frv. verði samþykkt þrátt fyrir þessar breytingar, að hann mælir hiklaust með því, að svo verði gert. Brynjólfur Bjarnason vill ekki taka á sig ábyrgð á frv. í heild, en er samþykkuur brtt. þeim, sem nefndin ber fram.

Ýmsum athugasemdum hefur verið hreyft við einstakar greinar frv., og verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögu. Nefndin hefur þó ekki séð sér fært að koma fram með brtt. nema við tvö atriði í frv.

Í 100. gr. frv. er gert ráð fyrir, að heitfesting vitnis fari fram áður en framburður þess er tekinn og sé undantekningarlaus regla. Hefur tillaga þessi sætt allmikilli gagnrýni, m. a. frá félagi héraðsdómara og Lögmannafélagi Íslands, er telja, að það muni draga úr helgi heitfestingarinnar, ef hún er látin fara fram skilyrðislaust, jafnvel í hinum smæstu málum. Hefur nefndin því borið fram tillögu, þar sem lagt er á vald dómarsins, hvort hann frestar heitfestingu og lætur hana niður falla með vissum skilyrðum.

Hitt atriðið, sem nefndin taldi rétt að breyta, er um rétt dæmds manns til að krefjast þess, að máli hans verði skotið til æðri dóms. Eftir núgildandi lögum á dómfellur alltaf rétt til þess, að máli hans verði skotið til hæstaréttar, og hefur það verið mjög misbrúkað af mönnum, sem hvað eftir annað hafa verið dæmdir, eingöngu til þess að fá framkvæmd refsingarinnar frestað. Er því rétt að setja nokkrar hömlur á rétt dæmdra manna til áfrýjunar, en nefndin telur rétt, að maður, sem dæmdur er fyrir fyrsta brot, hafi alltaf rétt til að krefjast áfrýjunar, þó að refsing hans nái ekki ákveðinni hæð.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM:

- Við 100. gr. Við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:  
Dómari getur frestað heitfestingu þar til á síðara stigi málsmeðferðar, og auk þess getur hann látið heitfestingu niður falla, ef sönnunaratriði máls má telja vafalaus. Nú fer heitfesting fram eftir á samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, og breytir dómari þá heitstaf til samræmis við það.
- Við 175. gr. 2. málsg. skal orða svo:  
Skyllt er dómsmálaráðherra að áfrýja eftir kröfu ákærða:
  - Ef ákærða er dæmd refsing eða upptaka eignar fyrir fyrsta sinni framið brot.
  - Ef dæmd refsing nemur 5000 króna sekt eða þriggja mánaða refsivist.
  - Ef ákærði er sviptur réttindum eða réttindamissi leiðir af sakfellingu hans.
  - Ef ákærða er mælt upptaka eignar, er nemur 5000 krónum. Jafnan er þriðja manni, sem með dómi skal sæta upptöku eignar, rétt að áfrýja að hætti einkamála, ef dómsmálaráðherra vill láta við dóminn sitja.

Alþingi, 6. febr. 1951.

Rannveig Þorsteinsdóttir,  
form.

Lárus Jóhannesson,  
fundaskr., frsm.

Brynj. Bjarnason,  
með fyrirvara.

H. Guðmundsson.

Páll Zóphóníasson.